



Deildarfundur í Fjallabyggð

Siglufjörður, 07.11.2018

Mættir: Fjórtán félagsmenn mættir ásamt Formanni, varamanni í stjórn og framkvæmdastjóra LSS (sjá undirskriftalista).

1. Formaður LSS setur fjórða fund hringferðar stjórnar kl. 16:20. Formaður reifar tilgang ferðarinnar og fór yfir dagskrána.
2. **Kynning LSS.** Hermann fjallar um LSS, kynnir sig fór yfir starfsemi og sjóði félagsins.
3. **Nefnd um jöfnun atkvæðavægis.** Anton Berg Carrasco, formaður vinnuhóps um atkvæðavægi, fór yfir tilurð þessarar nefndar og og kynnti niðurstöður hennar. Umræður:

4. Komandi kjaramál. Formaður LSS útskýrir hvernig við höfum verið að vinna kjaramálin. Erum með ráðgjafa í kjaramálum, nýtum okkur þjónustu BSRB í enn meiri mæli og eigum nú fulltrúa í réttindanefnd BSRB. Fór yfir áherslur BSRB. Helstu áherslur eru launahækkanir í krónutölum, styttingu vinnuviku vaktavinnufólks, snemmtöku lífeyris vaktavinnufólks, jöfnun launa á milli almenna og opinbera markaðsins, og launaþróunartryggingar. Varðandi launaliðinn þá bíðum við eftir niðurstöðum VR og Eflingu.

Formaður fór yfir sérstaka þætti tengda launaliðnum frá BSRB.

a. Laun stjórnenda. Almenn skoðun að bilið er of lítið. Laga þyrfti launabilið á milli stjórnenda og almennra starfsmanna. Hugsanlega væri hægt að gera það í gegnum lagfæringar á tengitöflu.

b. Laun hlutastarfandi. Sama vinna – sömu laun. Hlutastarfandi náðu ekki viðunandi árangri í síðustu samningnum. Hlutastarfandi samningar sjúkraflutningamanna 2016 þarf að laga. Það þarf að bæta laun þeirra meira í næstu kjarasamningum og leiðrétt skekkjuna sem myndaðist þá. Taka þarf ríkissamninginn og jafna við hlutastarfandi samninginn.

c. Bakvaktir hlutastarfandi slökkviliðsmanna. Skoða þarf bakvaktarkafli kjarasamninga ríkis og sveitarfélaga til endurskoðunar. Sérstaklega þarf að skoða nýútgefna reglugerð um starfsemi slökkviliða þar sem tekið er fram að slökkviliðsmönnum sé skylt að mæta í útköll samkvæmt ákveðnu skipulagi.

Önnur sérmál LSS:

- Tryggingakafllinn verður endurskoðaður, vilji til að setja hann inn í kjarasamninginn, skoðað verður sérstaklega að reyna útvíkka trygginguna vegna aukinnar tíðni krabbameina. Við viljum fá krabbamein viðurkennt sem atvinnusjúk.
- Vaktavinnukafllinn í kjarasamningnum er óskýr. Upplýst um að óreglulegar vaktir og vaktaálagið sé á leiðinni fyrir Félagsdóm.



- Þrekpróf þarf að útfæra betur. Rekstraraðilar hafa svigrúm til að útfæra prófið sjálf en þurfa samþykki Mannvirkjastofnunar. Varpað var upp hugmyndinni hvort þetta ætti heima í kjarasamningi. Tryggja þarf að þrekálag haldist inni.
- Orlofstímabil. Áköllun eftir því að tímabilin verði endurskoðuð. Það að skoða útfærsluna með starfstöðvunum. Þarf að gera minni kröfur yfir orlofstímann eða koma upp ásættanlegu fyrirkomulagi fyrir alla.

Óskað er eftir því að deildin haldi kröfufund og listi upp þær áherslur sem þau vilja sjá í næstu kjarasamningnum.

Önnur mál.

1. **Stofnun deildar.** Fyrirspurn kom hvernig ætti að bera sig að við stofnun deildar. Þá hafa þeir aðila á þinginu. Aðilar var svarað og voru hvattir til að vinna næstu skref með skrifstofu LSS. Umræður um hvernig sjúkraflutningamenn og slökkviliðsmenn gætu átt samleið í þessum málum. Gætu sjúkraflutningamenn hjá HSN og slökkviliðsmenn hjá Fjallabyggð verið einni deild. Þeir geta unnið saman en þurfa að koma sér saman um landshlutafulltrúa skv. nýjum lagabreytingatillögum.
2. **Útreikningur launa.** Ábending kom um að erfitt væri að átta sig á launaflokkum og útreikningi launa. LSS mun setja upp reiknivél eftir næstu kjarasamninga sem auðveldar alla þessa vinnu. Annars er hægt að lesa sig í gegnum kjarasamninga á heimasíðu LSS (www.lsos.is).
3. **Símakostnaður.** Fyrirspurn kom með símakostnað og fyrirkomulag á greiðslum vegna þessa. Mismunandi fyrirkomulag eftir stöðum. Bent var á kjarasamninginn og senda fyrirspurn á skrifstofu LSS. Þá yrði mál skráð og kannað og svarað með fullnægjandi hætti.
4. **Einstaklingsbúnaður.** Ábending kom með að einstaklingsbúnaður sé ekki veittur t.d. innanundirnærftöt. Innan undirnært ber vinnuveitanda að útvega. Umræður voru í kjölfarið með tíðni krabbameins hjá slökkviliðsmönnum, ferli um hreinsum á búnaði fer fram og aukinn búnað á vettvangi. Skrifstofa mun senda veggspjöld með þrif leiðbeiningum og tíðni krabbameins, ásamt bæklingum, til Fjallabyggðar.
5. **Upplýsingaflæði til félagsmanna.** Fyrirspurn kom um upplýsingaflæði til félagsmanna þar sem ekki er starfandi fulltrúi. LSS hefur sent upplýsingar á slökkviliðstjóra þar sem félagatal LSS skortir netföng félagsmanna á sumum svæðum. Hann ber að koma skilaboðunum áfram.

Framkvæmdastjóri þakkar fyrir góða áheyrn og málefnalegar umræður.

Fundi slitið kl. 18:10

Fundargerð ritaði framkvæmdastjóri LSS